


18. mars 2026

BJARTSÝNI BREYTIST Í SVARTSÝNI MEÐAL STJÓRNENDA Í IÐNAÐI


Mun fleiri stjórnendur iðnfyrirtækja telja nú að aðstæður í efnahagslífinu séu slæmar fyrir þeirra fyrirtæki en þeir sem telja þær góðar. Þetta er alger viðsnúningur frá því fyrir ári þegar þessu var öfugt farið. 36% svarenda í könnun meðal stjórnenda iðnfyrirtækja innan Samtaka iðnaðarins telja aðstæður í efnahagslífinu á Íslandi slæmar fyrir þeirra fyrirtæki. Þetta er aukning frá því fyrir ári þegar 17% töldu aðstæður í efnahagslífinu slæmar. Einnig dregur verulega úr fjölda þeirra sem telja aðstæður góðar. Ríflega fjórðungur svarenda, eða 26%, telur að aðstæður í efnahagslífinu séu góðar nú en fyrir ári var það ríflega helmingur, eða 54%, sem mat aðstæður góðar. Þetta er meðal þess sem kemur fram í niðurstöðum könnunar sem Outcome framkvæmdi meðal stjórnenda iðnfyrirtækja innan Samtaka iðnaðarins í febrúar og mars á þessu ári.

Hvernig metur þú aðstæður í efnahagslífinu á Íslandi fyrir þitt fyrirtæki?



Hærra hlutfall svarenda telur nú að aðstæður í efnahagslífinu séu slæmar en góðar. Það hefur ekki gerst síðan árið 2020. Stjórnendur iðnfyrirtækja meta aðstæður almennt verri nú fyrir þeirra fyrirtæki en þeir hafa gert síðan 2020. Að sama skapi er hlutfall þeirra sem meta aðstæður slæmar það hæsta sem mælst hefur síðan árið 2020.


Ef horft er 6-12 mánuði fram í tímann, hvernig metur þú aðstæður í efnahagslífinu fyrir þitt fyrirtæki m.v. aðstæður í dag?



Stjórnendur voru spurðir hvernig þeir meti aðstæður í efnahagslífinu fyrir þeirra fyrirtæki næstu 6-12 mánuði miðað við aðstæður í dag. Niðurstöður sýna að stærri hluti telur nú að aðstæður muni versna en batna. Ekki nema 15% svarenda eru bjartsýnir og telja að aðstæður í efnahagslífinu komi


til með að batna á næstu misserum. Fyrir ári var þetta hlutfall 39%. Hins vegar telja 36% að aðstæður versni á næstu 6–12 mánuðum samanborið við 12% í fyrra. Um helmingur telur nú að aðstæður í efnahagslífinu haldist óbreyttar og er það svipað hlutfall og í fyrra.

Hvernig metur þú aðstæður í efnahagslífinu á Íslandi fyrir þitt fyrirtæki?



Þegar horft er til svara eftir greinum iðnaðarins sést að hærra hlutfall stjórnenda í öllum greinum metur efnahagsaðstæður slæmar en góðar. Mestur er munurinn í framleiðsluiðnaði, en innan hans falla til dæmis stóriðja og matvælaíðnaður. Þar telja 50% stjórnenda að efnahagsaðstæður séu slæmar fyrir þeirra fyrirtæki nú en 24% telja þær góðar. Í þjónustuiðnaði telja 42% stjórnenda að efnahagsaðstæðurnar séu slæmar og 21% að þær séu góðar. Í tækni- og hugverkaiðnaði telja 34% að þær séu slæmar en 23% að þær séu góðar og í byggingariðnaði og mannvirkjagerð telja 30% að þær séu slæmar en 28% að þær séu góðar.

Ef horft er 6-12 mánuði fram í tímann, hvernig metur þú aðstæður í efnahagslífinu fyrir þitt fyrirtæki m.v. aðstæður í dag?




Í öllum helstu greinum iðnaðarins er hlutfall stjórnenda sem telur að aðstæður í efnahagslífinu muni versna næstu 6–12 mánuði hærra en þeirra sem telja að þær muni batna. Mestur er munurinn í framleiðsluiðnaði þar sem 43% telja að þær muni verða verri en ekki nema 14% að þær muni verða betri. Í þjónustuiðnaði er hlutfallið svipað en þar telja 42% að þær muni verða verri en 11% að þær muni verða betri. Í tækni- og hugverkaiðnaði telja 31% að þær muni verða verri en 14% að þær verði betri og í byggingariðnaði og mannvirkjagerð telja 36% að þær verði verri en 17% að þær verði betri.

FLEIRI TELJA AÐ STARFSFÓLKI MUNI FÆKKA EN FJÖLGA

Stjórnendur voru spurðir að því hvernig horfir með fjölda starfsmanna í þeirra fyrirtæki á næstu 12 mánuðum. Í fyrsta sinn síðan 2020 segir hærra hlutfall stjórnenda að starfsmönnum muni fækka en fjölga. Hlutfall þeirra sem segja að þeim muni fækka er 23% en 20% segja að þeim muni fjölga. Er þetta talsverð breyting frá því í fyrra þegar 13% sögðu að starfsmönnum myndi fækka en 28% að þeim myndi fjölga. Niðurstaðan bendir til þess að á næstu tólf mánuðum munu iðnfyrirtæki fækka


starfsfólki til að mæta samdrætti. Sú þróun er raunar þegar hafin; störfum í greininni hefur fækkað, atvinnuleysi aukist og lausum störfum fækkað.

Hvernig horfir með fjölda starfsmanna í þínu fyrirtæki á næstu 12 mánuðum?




Þrátt fyrir að starfsfólki fækki er enn talsverður skortur á mannauði með rétta færni og menntun í greinum iðnaðarins. Hins vegar hefur dregið úr skortinum undanfarið og má rekja það til þess samdráttar sem fyrirtæki í iðnaði hafa orðið fyrir. Um 30% stjórnenda segja að það sé skortur á starfsfólki í þeirra fyrirtæki núna. Það hlutfall hefur farið lækkandi frá 2023 þegar 48% sögðu skort á starfsfólki vera viðvarandi. Að sama skapi hefur hlutfall þeirra sem telja að það sé nægt framboð af starfsfólki hækkað og mælist það nú 63% samanborið við 55% í fyrra. Það hlutfall hefur hækkað síðustu ár en það var 44% árið 2022.

Er skortur á starfsfólki í þínu fyrirtæki núna?



Stjórnendur voru einnig beðnir um að svara hvers konar starfsfólk skorti helst og sögðu 57% að það væri iðnmenntað starfsfólk. Það hlutfall hefur lækkað frá árinu 2025 þegar 64% stjórnenda iðnfyrirtækja sögðu að það skorti iðnmenntað starfsfólk. Um 24% nefna vöntun á háskólamenntuðu starfsfólki; það hlutfall hækkaði aðeins á milli ára en það var 20% árið 2025. Þá segja 9% að það sé skortur á ófaglærðu starfsfólki en það hefur farið lækkandi síðustu ár og mældist 13% árið 2025.


Hverskonar starfsfólk skortir helst?



VÆNTA SAMDRÁTTAR Í FJÁRFESTINGUM

Stjórnendur iðnfyrirtækjanna voru spurðir að því hvernig þeir telji að fjárfestingar fyrirtækja þeirra í afkastagetu (húsnæði, vélum og tækjum) komi til með að þróast á næstu 12 mánuðum. 23% segja að þær aukist en 24% að þær minnki. 49% segja að þær standi í stað. Talsverð breyting hefur orðið í þessum hlutföllum síðan fyrir ári en þá sögðu 29% að fjárfestingarnar myndu aukast, 9% að þær myndu minnka og 58% að þær myndu standa í stað. Benda svarhlutföllin nú til þess að stöðnun verði í þessum fjárfestingum greinarinnar á næstu 12 mánuðum.

Hvernig telur þú að fjárfestingar fyrirtækis þíns í afkastagetu (húsnæði, vélum og tækjum) komi til með að þróast á næstu 12. mánuðum?



Þegar stjórnendurnir eru spurðir að því hvaða þættir gætu helst dregið úr eða frestað fjárfestingum fyrirtækis þeirra í afkastagetu á næstu 12 mánuðum segja 30% háir vextir og verðbólga og 26% lítill vöxtur í efnahagslífinu. 18% nefna þungar álögur í formi opinberra skatta og gjalda og 10% skort á vinnuafli með rétta hæfni og menntun. Þá nefna 10% flókið og langt leyfisveitingaferli framkvæmda. Hærra hlutfall nefnir nú en í fyrra lítinn vöxt í efnahagslífinu og einnig þungar opinberar álögur í formi skatta og gjalda. Á móti lækkar hlutfall þeirra sem nefna skort á vinnuafli með rétta hæfni og menntun.

Hvaða þættir gætu helst dregið úr eða frestað fjárfestingum þíns fyrirtækis í afkastagetu á næstu 12. mánuðum? Merkja má við fleiri en eitt atriði

